

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Er: Minnisblað, 18. febrúar 2013

Vegna tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnavernd (Þingskj 582-458. mál)

Frá Sigrúnu Júlíusdóttur, próf. í félagsráðgjöf HÍ og form. stjórnar Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd (RBF)

Við er til umsagnar RBF /Anniar G. Haugen, lektors *Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF)*. Þessu er við að bæta:

A. *Skriflega þætti* barnaverndarstarfs er ábótavant. Það á bæði við um framsetningu upplýsinga, samræmi í innihaldi skráningar, samanburð/sambærileika, gegnsæi, eftirfylgd og greinargerðir barnaverndar vegna dómsmála. Nægir að vísa til fyrri rannsókna SJ (*Ævintýri á fjöllum*, 2002; Niðurstöður *Vistheimilaneftndar þ.e. Breiðavíkurskýrsla* nefndar samkv. Lögum nr.26/2007, áfangaskýrslur 1, 2 og lokaskýsla, 32011; Nýlegar skýrslur um barnaverndarstarf, mat á afdrifum ungmenna vistuðum á vegum Barnaverndarstofu (RBF, 2012); *Foreldrar í forsjárdeilu* SJ,HEK og DP, *Tímarit lögfræðinga*, 2012).

Hínum skriflega hluta barnaverndarstarfsins þarf að áætla ákveðinn tíma í vinnuvíkunni og yfirmaður að ganga eftir skilum hans, líkt og endurskoðandi fer yfir fjárreiður. Með áreiðanlegri og sambærilegri skráningu mála /starfseminnar er mögulegt að meta það og endurmeta og jafnvel nota það sem upplýsingagrunn að rannsóknastarfi. Með skipulegri skráningu er gerlegt að fá betri áttun á umfangi og eðli mála og meta þannig *hæfilegan málafjölda* („case-load“) þungra, virkra, óvirkra skammtíma- langtímamál á hvern félagsráðgjafa/fagmann.

B. *Handleiðsla fagfólks* er þáttur í faglegu starfi, sem á einkum við í krefjandi þjónustu vegna *ágengra* mála, en það á við um fagleg verkefni á flestum sviðum barnaverndar. Þeim fylgir oftast mikil krafa um að standast álag, geta beitt færni, fylgst með nýjum aðferðum og beita þannig faglegri þekkingu, sem halda þarf við, auk þess að hafa faglegt úthald til að fylgja málum eftir. Skipulag handleiðslu er oftast á höndum teymisstjóra eða yfirmanns deildar á stofnun. Það er hans að tryggja að viðurkenndir handleiðarar, innan stofnunar eða utan, séu fengnir til að framkvæma



þennan þátt starfsins (sjá m.a. *Heilbrigði og heildarsýn* (ritstj SJ og HSG, 2006, „Handleiðsla og fagþróun, bls 285-311; SJ „Handleiðslumál fagstétta á Íslandi“, *Sálfræðitið*, 2000, bls 51-62). Nokkrir tugir einstaklinga í hópi fagfólks á Íslandi hafa lokið námi í handleiðslufræðum og -tækni. Í undirbúningi er nú diplómanám í handleiðslu og handleiðslutækni á vegum EHÍ, RBF/ félagsráðgjafardeildar HÍ.

- C. Krafa um *sérfræðiþekkingu félagsráðgjafa* og annarra sérfræðinga sem starfa að hinum svokallaða *þyngsta málaflokki velferðarþjónustunnar*, barnavernd. Grunnpróf (MA) til starfsréttinda er ekki nægilegur undirbúningur. Sérhæft framhaldsnám, ýmist til löggiltra meðferðarréttinda eða/og til málstjórnar, ásamt með færni til að vinna að rannsóknum og þróa aðferðir/nýsköpun í málaflokknum, gjarnan í teymisvinnu með öðru fagfólki innan stofnunar og utan. Sérfræðiþekking tryggir skilvirkni með því að hún miðar að því að mál séu unnin með *viðeigandi* hætti, og þannig verði komist hjá bæði mistökum og óheppilegum viðbrögðum í viðkvæmum málum.

Órofa tengingu *faglegs starfs/reynslu, rannsókna- og tilraunaverkefna* (e. “practice research“) ásamt *mati* á gagnsemi þeirra þarf að tryggja. Fyrir fagmann er það ávísun á vökula starfshætti, fyrir samstarfsfólk er það ávísun á frjóar umræður og þátttöku í að móta faglegt starfsumhverfi og fullnægju í daglegum verkefnum. Fyrir yfirmenn og stjórnendur er það ávísun á samfellu og heldni í faghópnum, þ.e. minna um brottfall og tíð umskipti á vinnustað og skilvirkari afköst/framleiðni í starfi. Hér má m.a. taka skipulag og þróun málaflokksins í Svíþjóð/Socialstyrelsen til fyrirmyndar. Þar hefur m.a. FOU-áætlunin náð til sveitafélaganna þ.e. félagsþjónustu, fjölskyldu/skilnaðarráðgjöf og barnavernd, með áherslu á þróun gagnreyndra (EBPP: Evidence based policy and practice, sbr. grein HSG,SJ& SJ;“Evidence based policy and practice in social services in Iceland“ í tímaritinu *Evidence & Policy*, 2010, bls 195-213; sjá einnig SJ ofl. „Gæðamat í félagsvísindum“ *Sálfræðiritið*, 2004, bls 111-127). Slík framkvæmdaáætlun nær einnig til aðferðaþróunar, endurnýjunar fagkrafta, m.a. til að vinna gegn faglegru starfsþreytu (e. „burn-out“) sem hefur verið of algeng í þessum málaflokki.

- D. Ástæða er til að áréttta sérstaklega þörf fyrir markvissara *eftirlit og eftirfylgd* með ráðstöfun *fósturbarna* og *vali* á *fósturforeldrum*. Með vísun til áðurnefndrar Socialstyrelsen í Svíþjóð hafa þar verið þróuð öflug greiningatæki til að velja/velja út hæfa/minna hæfa fósturforeldra, skipuleggja reglulegt matsstarf og eftirfylgd ásamt með framhalds/sérhæfingu og þjálfun fyrir félagsráðgjafa í því verkefni.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

